

Helstu niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins vorið 2017

Leikskólar í Borgarbyggð nota kannanakerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf leikskólanna og var könnun framkvæmd í mars s.l.

Í Klettaborg voru niðurstöðurnar afar ánægjulegar en foreldrakönnunin innihélt 31 matsþátt í sex flokkum þar sem hver matsþáttur innihélt eina eða fleiri spurningar, niðurstöðurnar voru svona:

1. Daglegt leikskólastarf

Ánægja með leikskólann	92,9%*
Stjórnendur sýnilegir í daglegu starfi	97,6%*
Ánægja barnsins í leikskólanum	95%
Hæfilegur fjöldi barna á deild	93,3%
Hollt mataræði	88,9%

2. Námsumhverfi

Vinnubrögð	95%
Aðstaða	88,9%
Félagsleg samskipti	100%
Þátttaka án aðgreiningar	100%

3. Samskipti við foreldra

Upplýsingamiðlun	73,3%*
Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans	97,8%*
Tengsl við starfsfólk leikskólans	100%
Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	93,2%*
Tímasetning viðburða	84,4%
Heimasíða leikskólans	90,5%

4. Upphaf og lok leikskólagöngu

Leikskólabyrjun	75%
Flutningur milli skólastiga	81,1%
Flutningur milli deilda	100%*

5. Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta

Hlutfall sérkennslu og stuðnings	19,6%
Hlutfall sérfræðiþjónustu	26,1%*

* merkingin þýðir að mæling leikskólans á tilteknum þætti er tölfræðilega marktækt fyrir ofan niðurstöðu allra skóla á landinu sem tóku þátt í könnuninni miðað við 95% öryggismörk.

6. Opin svör

Þar var spurt um hvað væri gott við Klettaborg og hvað væri slæmt eða mætti betur fara.

Margir foreldrar lýstu ánægju sinni með leikskólann (37 svör) og það starf sem fram fer hér og nefndu þá helst gott starfsfólk, gott andrúmsloft, væntumþykju og hlýju í garð barnanna, jákvæðni, fljótt tekið á málum, faglegt starf og gott skipulag.

Það sem betur mætti fara (17 svör) var helst nefnt: betra húsnæði vegna m.a. vegna þrengsla og plássleysis, betri tækjakostur, betra útisvæði, fjölbreyttari matur, næringarríkari og unninn frá grunni,

meiri upplýsingar um yngstu börnin og persónulegri upplýsingar um hvernig einstaka barni gengur í leik og starfi.

Í heildina erum við í Klettaborg ánægð með niðurstöðurnar og verða athugasemdir úr opnum svörum nýttar til úrbóta.

Ég vil nota tækifærið til að þakka þeim foreldrum sem tóku þátt kærlega fyrir að hjálpa okkur til að gera leikskólastarfið enn betra og einnig þakka hlý orð í okkar garð, SAMAN GETUM VIÐ MEIRA ☺

Með vinsemd og virðingu,
Steinunn Baldursdóttir leikskólastjóri.
Borgarnesi, 19. júní 2017